



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Askja

2019 – 2020



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra mat	5
3	Ytra mat	6
4	Starfspróunarsamtöl og fræðsla	7
5	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	7
6	Foreldrasamvinna	8
7	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	9
8	Fylgigögn	9
8.1	Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning	9
8.2	Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	9
8.3	Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	9
8.4	Fylgiskjal 4 – Niðurstöður foreldrakönnunar	9
8.5	Fylgiskjal 5 – Fimm ára námskrá	9



Leiðarljós leikskólans:

1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2018-2019 vorum við einstaklega vel mönnuð hér í leikskólanum Öskju, bæði af fagfólki og fólki með langa Hjallastefnureynslu sem skiptir sköpum í okkar augum í gæði starfsins. Við vorum með nokkra nýliða líka sem var líka gott, alltaf gott að fá nýja, ferska og frjóa starfskrafta með í liðið. Það mældist mikil ánægja með starfið okkar í foreldra- og starfsmannakönnun sem var lögð fyrir í nóvember 2018. Við vorum með ánægða foreldra í árlegri foreldrakönnun (sjá fylgiskjal 4) sem var lögð fyrir foreldra í janúar 2018 en komum ennþá betur út úr öllum þáttum í könnun sem var lögð fyrir á þessu skólaári og erum við afar stolt af þeim árangri.

Á starfsfólksfundum unnum við áfram vel upp úr handbók Hjallastefnunnar. Það er farið sérstaklega í hverja lotu á fundum áður en lota hefst en við tókum einnig fyrir t.d. bleika og bláa slikju í nemendahópnum og starfsmannahópnum og ræddum það vel.

Kynjanámskrá og meginreglur Hjallastefnunnar eru leiðarljós okkar alla daga.

1. Agi; virðing, hegðun, kurteisi, framkoma
2. Sjálfstyrking; sjálfstæði, sjálfstraust, öryggi, tjáning
3. Samskipti; umburðarlyndi, hjálpssemi, víðsýni, samstaða
4. Jákvæðni; bjartsýni, gleði, ákveðni, hreinskiptni
5. Vinátta; félagsskapur, umhyggja, nálægð, kærleikur
6. Áræðni; kjarkur, kraftur, virkni, frumkvæði

Allir nemendur Öskju fá enskukennslu í lotum. Enskukennari heimsækir skólann eina viku í mánuði og hittir öll börn, í mislangan tíma eftir aldri. Á yngri kjörnum hittir hún allan hópinn í einu í samverustund í 10-15 mín á dag en á eldri kjörnum tekur hún hvern hóp fyrir sig (fjórir hópar á hverjum kjarna) og er með innlögn. Eins skiptist hún á að vera með valfundi og á valtíma á eldri kjörnunum.

Á síðasta skólári fengu allir hópar á eldri kjörnum reglulega jógatíma og ætlum við að bæta enn betur í jóga á næsta skólaári en við erum svo heppin að hafa 5 kennara í húsi sem eru jógakennarar. Þó mun einn kennara halda utan um og stýra jógatímum fyrir öll börn í Öskju.



5 ára börnin okkar eru staðsett í Barnaskólahúsinu og fá því að fylgja vel eldri börnum sem þar starfa. Mörg fimm ára barnanna eru orðin læs enda búið að leggja inn bókstafi eftir hljóðaaðferðinni í vetur og eins hafa tölustafir verið lagðir markvisst inn. Þau fara í íþróttatíma í Valsheimilínu einu sinni í viku, fara á tveggja vikna sundnámskeið á vorin og hafa tekið þátt í nokkrum smiðjum sem Barnaskólabörnum var boðið upp á eins og til dæmis smiðju um himingeiminn, heimilisfræði, smíðar og tónlist.

Stytting vinnuvikunnar fór af stað í apríl 2018 og við hófum því skólaárið s.l. haust með viðverustyttingu alls starfsfólks um 1 klst á dag miðað við 100% starf.

Helstu markmið með verkefninu eru:

- Að minnka álag á starfsfólk.
- Að fækka fjarvistum vegna veikinda.
- Að minnka skrepp starfsfólks á vinnutíma.
- Að minnka brottfall vegna álagstengdra vandamála.
- Að minnka starfsmannaveltu.
- Að lengja starfstíma kennara og auka lífsgæði þeirra.

Verkefnið hefur gefist afar vel og má þar nefna að fjarverur og skrepp kennara hefur minnkað mikið á milli ára ef við berum saman líðandi skólaár og skólaárið 2017-2018. Einnig hefur verið mun auðveldara að manna skólann eftir að stytting vinnuvikunnar tók gildi sem og að niðurstöður ánægjukönnunar starfsfólk sýndi að starfsfólk er afar ánægt með vinnutíma sinn og starfsánægja mjög mikil í Öskju. Það sama hefur sýnt sig í öllum skólum Hjallstefnunnar en vinnustyttingin hefur verið innleidd í alla leikskóla Hjallstefnunnar með góðum árangri en niðurstöður og árangur verkefnisins eiga eftir að birtast fljótlega.

Kennarahópurinn í Öskju fór í ógleymanlega ferð til New York í apríl s.l. þar sem fókusinn var á opinn efnivið og þá helst einingakubba. Þar heimsóttum við 4 skóla og lærðum og sáum ýmislegt gagnlegt. Við rýndum eftir ferðina bæði í það sem við vildum taka úr þessum heimsóknum inn í okkar skóla og eins var margt sem við sáum sem kenndi okkur að meta ennþá betur það sem við búum yfir í Öskju.



2 Innra mat

Nýliðamóttaka og þjálfun er það sem við munum leggja aðaláhersluna á á komandi skólaári. Allt starfsfólk mun fara í gegnum okkar nýuppfærða nýliðaprógramm til að við séum öll samstíga og samtaka.

Umhverfismál eru okkur afar hugleikinn og við erum nú þegar að gera margt gott í þeim málum. Matarsónun til t.d. afar lítil hér, við erum smátt og smátt að hætta með alla plastpoka og notum okkar eigin taupoka undir óhrein fót en taupokana saumum við úr slitnum starfsmannabolum og skólafötum. En við viljum gera enn betur í þessum málaflokki og höfum skipað umhverfisnefnd sem ætlar að fullvinna umhverfisstefnu fyrir skólann.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Nýliðamóttaka og þjálfun	Að nýliðar fái markvissari þjálfun, öryggi í starfi og minni starfsmannavelt a.	Nýtt nýliðaprógrá mm tekið upp haust 2019.	Ágúst – nóvember 2019	Skólastjóri og kjarnastjórar	Starfsmanna könnun	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Umhverfismál	Fullvinna umhverfisstefnu fyrir skólann.	Stofna umhverfisnefnd sem ákveður hvaða mál skal taka fyrir á næsta skólaári	Skólaárið 2019.	Skólastýra og umhverfisnefnd	Starfsmannaf undir	Að ná þeim markmiðum til að geta kallað okkur skóla á grænni grein.



3 Ytra mat

Á hverju ári er gerð bæði starfsmanna og foreldrakönnun í öllum skólum Hjallastefnunnar. Með þessum könnunum fást mikilvægar upplýsingar sem hægt er að nýta til innra mats.

Foreldrakönnunin er send til foreldra með tölvupósti og niðurstöðurnar nýttar til að sjá hvað við erum að gera vel og laga það sem betur mætti fara. Eins fæst með þessum könnunum aukið samstarf og samvinna milli heimilis og leikskóla. Þannig byggjum við upp samfélag þar sem foreldrar og starfsfólk vinnur að sameiginlegum hag barnanna. Farið var yfir niðurstöður foreldrakönnunar á starfsfólksfundum og tekin út nokkur umbótaatriði sem að þessu sinni snéru flest að upplýsingaflæði. Niðurstöður foreldrakönnunar er í fylgiskjali 4. Helstu niðurstöður könnunarinnar sýndu að 99% foreldra myndu mæla með leikskólanum við vini og fjölskyldu. Það sem fólk var sérstaklega ánægt með var starfsfólkið, maturinn, falleg samskipti á milli kennara og barna, skólafötin og vettlingaáskriftina.

Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Upplýsingaflæði	Að foreldrar séu vel upplýstir og meðvitaðir um daglegt starf og starfsfólk skólans	Vikupóstar frá hópstjórum, nýtt starfsfólk kynnt betur, samræming myndatöku af börnum, hlutverk kennara merkt fyrir hvern kjarna.	Skólaárið 2020	Skólastýra og kjarnastjórar	Foreldrakönnun skólaárið 2019-2020, spjall á reglulegum starfsfólksfundum.	Enn betri niðurstöður um upplýsingaflæði í foreldrakönnun.



4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fara fram einu sinni á önn. Í samtölum á haustönn 2018 kom meðal annars fram að brýn þörf væri á nýliðaprógrammi í skólanum og að gera þyrfti úrbætur þar. Það sama kom fram á skólastýrufundi Hjallastefnunnar að sama þörf væri komin upp í öllum skólum. Fyrir nokkrum árum var nýliðaprógram innan Hjallastefnunnar og hefur verið í gegnum árin með nokkrum sniðum, en svo hefur það dalað undanfarið. Farið var strax í þá vinnu í stjórnendahópnum að búa til nýliðaáætlun sem verður tekin í gagnið haustið 2019. Ákveðið var á starfsfólksfundum Öskju að allt starsfólk Öskju færi í gegnum nýliðaprógramið í haust til að við séum öll á sömu blaðsíðu enda er það góð upprifjun fyrir kennara skólans að skerpa á megináherslum Hjallastefnunnar og hjallískum vinnubrögðum.

Starfsfólk í Öskju hefur sótt ýmis námskeið og fræðslu á þessu skólaári. Á starfsfólksfundum erum við ávallt að skerpa á Hjallastefnunni, þeirri hugmyndafræði sem við störfum eftir og á lotufundum rýnum við í þá lotu sem er í vændum hverju sinni. Á hverju hausti er haustráðstefna Hjallastefnufólks þar sem starfsfólk af öllu landinu kemur saman og fræðist um ýmsa þætti í Hjallastefnustarfi. Við erum líka dugleg að sækja okkur fræðslu héðan og þaðan. Starfsfólk á okkar vegum sótti námskeið í Íslenska þroskalistanum og íslenska smábarnalistanum, þecs, video modeling og atferlisgreiningu, atferlisíhlutun fyrir börn með þroskafrávik, AEPS færnimiðað matskerfi, að kenna nýja færni. Nokkrir kennarar fóru á námskeiðið Uppeldi sem virkar, færni til framtíðar.

Starfsmannahópur Öskju fór svo í lok skólaársins í ógleymanlega ferð til New York þar sem við heimsóttum fjóra skóla og lærðum enn meira um opinn efnivið og einingakubba Caroline Pratt.

Í haust fáum við Tákni með tali námskeið þar sem við erum að fá barn í Öskju með Downs syndrome sem verður þjálfað í TMT. Einnig er á dagskrá að fá námskeið um tengslavanda hjá leikskólabörnum.

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Barnaskóli Hjallastefnunnar í Reykjavík stendur á sömu lóð og Askja og mikill samgangur er þar á milli. Fimm ára börnin, elsti árgangur Öskju er staðsettur í Barnaskólanum. Við teljum að með þessari staðsetningu brúum við vel bilið á milli leikskólans og grunnskólans þar sem þau eru með sinn kjarna út af fyrir sig í ró og næði en taka líka aðeins þátt í Barnaskólastarfinu, bæði með þátttöku á vikulegum söngfundum og þau fara einnig í einfaldari útgáfu af þeim smiðjum sem grunnskólabörnin fara í eins og listgreinasmiðju, stjórnufræði og heimilisfræði. 5 ára börnin eru því tilbúin að byrja í 1. bekk í Barnaskólanum í Reykjavík eftir að hafa verið á fimm ára kjarna. Fimm ára námskrá fylgir með í fylgiskjali (fylgiskjal 5).

Reglulegar heimsóknir eru á meðal 4 og 5 ára barna á milli Öskju og Barnaskólans. Þau hittast í hverjum mánuði, aðallega í húskynnum Barnaskólans en einnig koma 5 ára börn í heimsókn á söngfund í Öskju og svo hittast hóparnir einnig í Öskjuhlíð sem er hér í bakgarðinum hjá okkur. Farið er eftir áætlun sem var gerð í samvinnu við kennara elstu barna í Öskju og svo kennara fimm ára barna.

S.l. skólaár var hluti af valsvæðum elstu barna Barnaskólans (4. bekk) að koma í heimsókn í Öskju og aðstoða með yngri börnin, ýmist í leik en líka með því að hafa lestrarstund til dæmis. Þetta gekk ótrúlega vel og mikil ánægja með þetta á báðum vígstöðvum. Við munum án efa halda áfram með þetta í einhverri mynd næsta skólaár.

6 Foreldrasamvinna

Leikskólar Hjallastefnunnar setja samstarf við foreldra og fjölskyldur leikskólabarnanna í öndvegi. Leikskólinn Askja stendur reglulega fyrir atburðum sem efla samstarf leikskólans og heimilisins, en við höldum upp á bóndaginn og konudagin. Auk þess bjóðum við foreldrum í morgunkaffi einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn. Við höfum haft þetta fyrirkomulag með eldri börnin en þá stoppa foreldrar og fá sé morgunmat, spjalla og fara svo til sinna starfa. Á yngri kjörnunum þá höfum við haft það fyrirkomulag að í stað þess að stoppa þegar foreldrar mæta með börnin í skólann, þá stoppa þau og fá sér nónhressingu um leið og þau sækja börnin í skólann. Auk þess sem óreglulegum uppakomum sem tengja fjölskyldur við leikskólann er fagnað. Í vetur buðum við foreldrum á söngfundi tvisvar yfir skólaárið sem vakti mikla lukku.

Einnig starfa Hjallastefnuskólar eftir ákveðnum matarstöðlum, það er stefna skólans að vera með sem minnst af hvítum sykri, hveiti og unnum kjötvörum. Einnig tökum við fullt tillit til hinna ýmsu matarþarfa hjá fjölskyldum, hvort sem það er ofnæmi, óþol og eða ákvörðun foreldra hvort börn þeirra neyti kjöts eða fisks. Kokkurinn er þess vegna alltaf með mjög fjölbreyttan mat til að mæta þörfum allra.

Foreldraráð er starfandi við skólann og er hluti af stjórnkerfi leikskólans. Í foreldraráðið er kosið að hausti ár hvert á opnum foreldrafundi. Foreldraráð fundar að minnsta kosti tvisvar á starfsárinu og gefur umsögn um starfsáætlun og skóladagatal svo og skólanámskrá leikskólans.

Foreldrafélag er einnig starfandi í tengslum við skólann og í því sitja tíu foreldrar skólaárið 2018-2019 og eru fulltrúar frá öllum kjörnum. Foreldrafélagið stendur fyrir margvíslegum uppakomum sem gleðja börnin yfir skólaárið og má þar nefna jólaföndur, vetrargöngu og vorhátíð. Einnig hefur félagið boðið upp á fræðslufundi fyrir foreldra tvisvar yfir skólaárið. Nú í haust bauð foreldrafélagið upp á



fræðslukvöld fyrir foreldra í Öskju. Foreldrafélagið hefur stundum kostað rútufærðir þegar farið er í lengri ferðir ásamt því að gefa leikskólanum ýmsar gjafir eins og skjávarpa, myndavélar sem nýttust skólanum vel en einnig keypti foreldrafélagið vatsnbrúsa fyrir öll börn sem þau eiga hér í skólanum.

Foreldraviðtöl fara fram í nóvember og mars ár hvert. Foreldraviðtöl fara fram á laugardögum og hefur það gefist vel. Þessir dagar hafa verið sérstaklega hátíðlegir fyrir okkur. Það sem okkur hefur fundist svo frábært við að hafa foreldraviðtöl á laugardögum er að þá hafa báðir foreldrar haft tækifæri til að mæta í rólegheitum, án þess að þurfa að skjótast í og úr vinnu og allir njóta dagsins.

Í tengslum við þessi foreldraviðtöl fylla kennarar út gátlista yfir þroskastöðu barna, félagslega stöðu þeirra og gengi í leikskólanum sem síðan er kynntur foreldrum í foreldraviðtölunum.

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Sjá skóladagatal.

8 Fylgigögn

- 8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning
- 8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.
- 8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs
- 8.4 Fylgiskjal 4 – Niðurstöður foreldraæðunnar
- 8.5 Fylgiskjal 5 – Fimm ára námskrá
- 8.6 Skóladagatal

F. h. leikskólans *Öskju*



Askja - leikskóli
Nauthólsvegji 87
101 Reykjavík
Sími 517-7720
www.hjalli.is

Gudrun Elja Skinnarsdóttir 10.07.2019

Leikskólastjóri

Dagsetning

Fylgiskjal 1



Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	2	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	1	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	0	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	3	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já	Úreld og erum að taka upp nýja í haust 2019.
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	Að einhverju leiti, mættum bæta okkur í þessu.
Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Þjónustumiðstöð miðborgar og Hlíða, Greiningarstöð, Æfingastöð SLF.
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	

Niðurstöður innra mats

Þurfum að hafa skilvirkari flæði á milli sérkennslu og starfsfólk kjarna. Sérkennslan hefur verið dálítið útaf fyrir sig og starfsfólk kjarnans kannski ekki nógu mikið inn í hlutum, þ.e.a.s. hvað er verið að vinna nákvæmlega með hverju sinni. Úrbætur: deila áherslum teymisfunda inn á kjarna, gera hópstjóra alltaf kleift að taka þátt í teymisfundum.



Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Bæta áætlun um málörvun.	Að allir hópstjórar fari eftir nýrri málöruvnaaráætlun.	Leiðsögn frá leikskólanum Akri sem hefur notað þessa áætlun í tvö ár.	Ágúst 2019-júní 2020.	Leikskólastýra, sérkennslustýra og kjarnastjórar.	Umræður og skráning á starfsfólksfundum, könnun, foreldrakönnun.	Að allir hópstjórar hafi farið eftir vikulegri áætlun. Að flestir nemendur fái útkomuna meðal geta eða góð geta á Efi-2 málþroskaprófi.
Bæta upplýsingaflæði á milli sérkennslu og starfsfólks kjarna.	Að starfsfólk kjarna og hópstjórar sérstaklega séu betur upplýstir um markmið og leiðir sérkennsluteymi s hverju sinni	Deila áherslum eftir teymisfundum, hópstjóri alltaf með á teymisfundum, hópstjóri geti hoppað inn í sérkennslu ef þarf.	Ágúst 2019-júní 2020	Sérkennslustýra og leikskólastýra	starfsfólksfundir	Að hópstjórar séu meðvitaðir um markmið einstaklingsnámskrár fyrir þau börn sem eru í einstaklingsþjálfun.



Fylgiskjal 2

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítýngi	Já	T.d. Gefðu 10, orðaforðalisti Menntamálastofnunnar. Unnið með bæði í hópatímum og sérstökum málörvunarstundum.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	Gefðu 10
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Með málörvunarspilum, söngvum, sögum, þulum, vísum, spjalli ofl.
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	Mætti vera markvissara
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none">• Orðaforði og málskilningur• Tjáning og frásögn• Hlustun og hljóðkerfisvitund• Ritmál• Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun	Já	Með ýmsum hætti sem er talinn upp hér að ofan ásamt framsögn, rími, sjónrænum merkingum ýmiskonar ofl. Notum bækur eins og Orðagull, Lubbi finnur málbein, Ljáðu mér eyra og efni frá Lærum og leikum með hljóðin ásamt ýmsum fjölbreyttum málörvunarspilum og stökum.

Niðurstöður innra mats

Fylgjast þarf betur með framförum barna með einstaklingsnámskrá.



Umbótaþættir Annað móðurm. en íslenska	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Að fylgjast betur með framförum barna með annað móðurmál en íslensku.	Koma upp verklagi um hvernig á að fylgjast sem best með framförum tvítyngdra barna.	Setja upp einstaklingsá ætlun fyrir hvert barn með tímasettum markmiðum.	Ágúst 2019- júní 2020	Leikskólastýra og sérkennslustýra	Reglulegir starfsmannaf undir, umræður eftirfylgni sérkennslust ýru með hópstjórum.	Að einstaklingsá ætlanir hafi verið virkar og markmiðum náð reglulega.



Fylgiskjal 3

**Starfsáætlun 2019 – 2020
Leikskólinn Askja**

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Margrét Grétarsdóttir
Margrét Halldóra Hallgrímsdóttir
Klara Karlsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:


- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð hefur lesið yfir starfsáætlun Leikskólans Öskju og er hún hér með samþykkt.

Starfsáætlun Öskju 2019-2020 er að öllu leyti fagleg og metnaðarfull. Innra og ytra mat leikskólans í starfsáætlun er til fyrirmyndar og að öllu leyti í samræmi við áherslur skólastefnu Hjallastefnunnar. Í starfsáætluninni er að mati foreldraráðs tekið á öllum þáttum sem snúa að börnum, foreldrum, starfsfólkinu og starfinu öllu.

Foreldraráð lýsir einróma yfir stuðningi við starfsáætlunina, og er hún í fullu samræmi við þá fræðslufundi og kynningar sem foreldrar hafa fengið á starfinu sem þar er unnið. Starfsáætlunin lýsir starfsemi leikskólans vel og endurspeglar allt það góða og vandaða starf sem unnið er í Öskju.

Starfið sem er unnið í Öskju er að öllu leyti faglegt, uppbyggilegt og þroskandi. Góður andi og gleði einkennir leikskólann, auk þess sem starfsfólk og aðstaða öll er til fyrirmyndar. Þar fá börn að blómstra og þroskast í styðjandi og hlýju umhverfi. Þá einkennir stöðugleiki allt starf leikskólans, bæði í gæðum og vinnuaðferðum. Skýr stefna leikskólans í samskiptum hefur veitt foreldrum aukna innsýn í starf leikskólans, auk þess sem tekið er á erfiðum málum af festu og skilningi. Foreldraráð er sérlega ánægt með að á síðustu árum hefur foreldrum verið boðið upp á skemmtilega samveru foreldra, barna og starfsmanna reglulega yfir veturinn.

Fyrir á þessu ári var gerð könnun meðal foreldra á ýmsum þáttum leikskólans. Niðurstöður hennar endurspeglar mikla ánægju meðal foreldra með leikskólann Öskju, en til að mynda sögðust 99% foreldra barna á Öskju myndu mjög líklega mæla með leikskólanum við fjölskyldu og vini. Sama hlutfall eru mjög ánægðir með samskipti starfsfólks og barnanna í leikskólanum. Aðrir þættir sem foreldrar sögðust vera sérlega ánægðir með eru til að mynda maturinn, góð samskipti, lítið um fjarveru kennara, fjölbreytileiki, starfsfólkið, góð upplýsingagjöf til foreldra og skólafötin.

Með nýrri starfsáætlun og þeim markmiðum sem þar greinir er ljóst að leikskólinn Askja stefnir að því að gera enn betur á næsta skólaári. Foreldraráðið fagnar þessum mikla metnaði og er að öllu leyti sammála þeim áherslum, markmiðum og leiðum sem unnið er eftir.

Reykjavík 10. Júlí 2019

Margrét Halldóra Hallgrímsdóttir

Margrét Halldóra Hallgrímsdóttir

Margrét Grétarsdóttir Johnson

Margrét Grétarsdóttir

Klara Karlsdóttir

Klara Karlsdóttir



Hjallastefnan

Samantekt úr viðhorfskönnun foreldra. Lagt fyrir í nóvember 2018.

Unnið af skólastýru út frá umræðupunktum á kjarna- og starfsfólksfundi.

Niðurstöður sem notaðar eru til samanburðar eru úr könnun sem var lögð fyrir í janúar 2018.

Í upphafi er spurt hvort foreldrar séu sammála eða ósammála því að vel sé tekið á móti barninu. 99% svara því að þau séu mjög eða frekar sammála því. Til samanburðar svöruðu 93% foreldra samskonar í janúar 2018.

Sama hlutfall svarenda eru mjög ánægðir með samskipti starfsfólks og barnanna í skólanum. 99% svarenda eru mjög eða frekar ánægð með þann þátt. 95% svarenda svaraði sambærilega í samanburðarniðurstöðum.

Pegar spurt er að því hvort starfsfólk sé sjaldan fjarverandi á þeim kjarna sem barn svarenda tilheyrir eru um 55% sem eru mjög sammála því og um 30% frekar sammála. Það eru töluverð hækkun frá samanburðarniðurstöðum en þá voru 33% mjög sammála og 41% frekar sammála um að starfsfólk væri sjaldan fjarverandi á kjarna síns barns.

99% svarenda eru mjög eða frekar sammála því að barninu þeirra líði vel þegar svarendur sækja það í lok dvalartíma. Foreldrar sem eru mjög eða frekar sammála því að þau eigi gæðastund með barninu að lokinni leikskóladvöl á daginn eru 93% samtals. Um 6% svara hvorki né.

Pegar spurt er hvort dvalartími ráðist að öllu leyti af vinnutíma foreldra eru þar 80% sem eru mjög eða frekar sammála, 6% sem svara hvorki né og 12% eru frekar eða mjög ósammála.

Ef foreldrar hefðu kost á, myndu þau kjósa að stytta vinnutíma sinn, til að geta varið meiri tíma með barninu, er næsta spurning. Þar eru 79% sem svara mjög eða frekar sammála en rúm 14% hvorki né. 4% svara veit ekki/svara ekki.

Næst er spurt hvort svarendur séu sammála eða ósammála því að þeir fái góða úrlausn sinna mála hjá stjórnendum



skólans. Þar svara 94% því að þau séu mjög eða frekar sammála, 6% svara hvorki né eða veit ekki. Þetta er töluverð hækkun frá samanburðarniðurstöðun en í janúar 2018 sögðust 83% svarenda vera mjög eða frekar sammála því að fá góða úrlausn sinna mála hjá stjórnendum skólans.

Spurt er um hvort foreldrar kjósi að hafa starfsdaga sem hluta af lengra fríi frekar en að hafa staka daga inn á milli yfir árið. Þar eru 69% sem eru mjög sammála á móti 54% í samanburðarniðurstöðum, 11% eru frekar sammála og 18% velja hvorki né eða veit ekki/svara ekki. Það er fækkun frá því í samanburðarniðurstöðum.

Næst komu spurningar sem ekki hafa verið áður í þessari könnun sem lúta að tilraunaverkefni um styttingu vinnudagsins hjá starfsfólki skólans.

Foreldrar eru spurðir hvort þau þekki til tilraunaverkefnisins og rúm 79% svara játandi, rúmlega 20% neitandi. 1% svara ekki/veit ekki.


Í framhaldinu er spurt hvort svarendum finnist tilraunaverkefnið hafa haft jákvæð áhrif á gæði skólastarfsins og þar eru um 53% mjög sammála, um 20% frekar sammála og 25% svara hvorki né eða veit ekki/svara ekki.

Þá er spurt um hvort þau telji að verkefnið hafi haft jákvæð áhrif á líðan barnsins í skólanum. Þar eru 28% sem eru mjög sammála, 19% frekar sammála og 52% sem svara hvorki né eða veit ekki/svara ekki. 1% svarenda er frekar ósammála.

Um 78% svarenda eru mjög og frekar sammála því að Hjallastefnan ætti að vera leiðandi afl í því verkefni að stytta vinnutíma á Íslandi. Um 18% eru hlutlaus og um 2% frekar ósammála.

Þegar spurt er um hversu líklegt eða ólíklegt sé að svarendur myndu mæla með skólanum við vini sína og fjölskyldu eru 99% sem segja það mjög eða frekar líklegt og 1% sem svara hvorki né. Ef bornar eru saman niðurstöður frá janúar 2018 svara 95% að þau séu mjög eða frekar sammála því að þau myndu mæla með skólanum við vini eða fjölskyldu. Þá svara 3% að það sé frekar eða mjög ólíklegt og 1% svara hvorki né.

Að lokum eru svarendur beðnir um að gefa skólanum gæðaeinkunn. 40% gefa skólanum 10 í einkunn á móti 28% í samanburðarkönnun. 48% gefa 9 í einkunn, 9% gefa skólanum





Hjallastefnan

+354 555 7020

hjallastefnan@hjalli.is

hjalli.is

einkunnina 8 og 2% gefa skólanum 7 í einkunn og 1% gefa 6. Þetta er töluvert mikil hækkun frá samaburðarkönnun.

Við erum afar ánægð og stolt með þessar niðurstöður. Við erum að bæta okkur á öllum sviðum miðað við fyrri könnun og stefnum auðvitað alltaf á að bæta okkur enn meira. Opnu svörin gefa okkur einnig mjög góða mynd af starfinu okkar og þörfum foreldra og því erum við gríðarlega þakklát fyrir þau.

OPIN SVÖR: Hér fyrir neðan eru þau opnu svör sem foreldrar höfðu val um að skrifa sem og þær úrbætur sem hafa verið eða eru á dagskrá að gera í kjölfarið.

Vinsamlegast skráðu þau atriði sem þú ert sérstaklega ánægð/ur með í skólastarfinu:

- Góð samskipti kennara og foreldra.
- Maturinn.
- Útiveran.
- Opni efniviðurinn.
- Hvernig er tekið á hegðunarmálum.
- Föstudagspóstur.
- Fjölbreytileikinn.
- Skólafötin.
- Starfsfólkið númer 1, 2 og 3 😊
- Skógarferðirnar.
- Fljót og góð samskipti í gegnum Karellen.
- Jóga.
- Alltaf vel tekið á móti barninu.
- Lítið um fjarveru kennara.
- Stytting vinnuvikunnar mjög jákvæð þróun.
- Vettlingaverkefnið.
- Vel mannaður skóli.
- Mikil ánægja með loturnar.
- Barninu mínu mætt með gleði og hlýju.
- Hlýleiki.
- Faglegheit.
- Brugðist fljótt við ef eitthvað gengur ekki vel.
- Góð upplýsingagjöf.
- Frí á milli jóla og nýárs.
- Alltaf friður og ró á kjarnanum.
- Vettlingaáskriftin.

Vinsamlegast skráðu þau atriði sem þú telur að betur mættu fara í skólastarfinu:





- **Mikil starfsmannavelta.**
 - *Skólinn hefur aldrei verið eins vel mannaður og þetta skólaár, hvað varðar stöðugleika og faghlutfall. Við þurftum að brúa bilið á Græna kjarna á haust á meðan við biðum eftir tveimur hópstjórum sem gátu því miður ekki verið með okkur alveg frá skólabyrjun en reyndum að leysa það eins farsællega og við mögulega gátum. Skólinn stefnir auðvitað alltaf hærra og eitt af markmiðum skólans er að minnka starfsmannaveltu, einn liður í því er að efla nýliðamóttöku og -þjálfun hjá okkur.*
- **Kynna betur þegar nýtt starfsfólk byrjar.**
 - *Hingað til höfum við sent tillkynningar um nýtt starfsfólk í tölvupósti til foreldra þess kjarna og hóps sem viðkomandi kennari kemur að. Það er í vinnslu að hafa myndir af öllu starfsfólki viðkomandi kjarna í fataherbergi ásamt nöfnum þess og hlutverki á kjarnanum. Einnig getum við skrifað tilkynningu á töflu kjarnans ef nýr starfsmaður byrjar.*
- **Mikilvægt að börnin séu vel klædd úti.**
 - *Við reynum að gera okkar besta í þessum efnum en á þessu hefur verið imprað enn betur.*
- **Óþægilegt að hafa ekki upplýsingar um aðra foreldra og börn á kjarnanum eins og til dæmis afmælisdaga, heimilisföng og netföng foreldra.**
 - *Því miður hamla ný persónuverndarlög okkur mikið í þessum efnum. Við ætlum þó að bæta við klausu í upplýsingablað nemenda um hvort foreldrar samþykki að netfangi þeirra og símanúmeri sé deilt með öðrum foreldrum kjarnans.*
- **Þjóða börnum líka ullarpeysu eins og kennurum.**
 - *Það er gleðilegt að segja frá því að lopapeysur fyrir nemendur eru í framleiðslu og eru samskonar og nýju kennarapeysurnar. Þær koma í sölu vonandi á næstu vikum.*
- **Vildi sjá fleiri Hjallastefnuskóla á Höfuðborgarsvæðinu.**
 - *Við erum svo sannarlega sammála 😊*
- **Gera privat rými fyrir þau sem eru feimin og eru að læra að nota kopp.**
 - *Inni á yngri kjörnum (Rauða og Bláa) ætti að vera hægt að hafa smá rými ef barn er feimið og vill næði til að æfa sig á koppri eða klósetti.*





Salernisaðstaða á eldri kjörnum (Græna og Gula) er hins vegar ekki nógu góð og er eitt af þeim atriðum sem verður lagað þegar skólinn flytur og stækkar.

- **Hafa opið lengur en til 16:30 einhverja daga.**
 - *Við getum því miður ekki boðið upp á lengri opnunartíma eins og er.*
- **Skólaföt tynast oft.**
 - *Við reynum að gera okkar besta í þessum málum. Blaut föt ættu að fara í poka í hólfi barns eða í þurrskáp og við reynum að vanda okkur betur í þessum málum. Við hvetjum foreldra líka til að vera duglega að merkja öll skólaföt.*
- **Tíðari foreldraviðtöl.**
 - *Föst foreldraviðtöl eru einu sinni á önn en foreldrum er að sjálfsgöðu alltaf velkomið að panta viðtal við hópstjóran sinn þess utan ef þeim finnst þörf á. Við erum alltaf tilbúin að setjast niður og spjalla.*
- **Hef áhyggjur af umferð og mengum frá flugvellingum. Brýna fyrir foreldrum að drepa á bílum fyrir framan skólana.**
 - *Þurfum að fá skilti á bílastæðið þar sem fólk er minnt á að drepa á bílum sínum. Það er komið í farveg.*
- **Væri til í að eiga mynd af hóp barnsins míns heima með nöfnum.**
 - *Það er minnsta mál að redda því, endilega að hafa samband við hópstjóran sinn og koma með þessu flottu bón.*
- **Vantar upplýsingaflæði um hvernig hefur gengið yfir daginn, t.d. ef hópstjórinn er farinn.**
 - *Hópstjórar eiga alltaf að láta vita ef eitthvað óvanalegt hefur gerst hjá barni yfir daginn. Annað hvort er hringt í foreldra, þeim send skilaboð og sá kennari sem er að loka kjarnanum þann daginn beðinn fyrir skilaboðum til foreldra, fer allt eftir eðli málsins. Ef upplýsingar í lok dags eru ófullnægjandi er mjög gott að láta viðkomandi hópstjóra vita svo hann geti bætt úr því. Við tökum öllum ábendingum vel og viljum að foreldrarnir séu vel upplýstir um leikskóladaginn.*
- **Uppýsingaflæði á Karellen mætti vera betra.**





- *Við reynum að gera okkar besta til að uppfæra Karellen. Foreldrum er bent á að tala við viðkomandi hópstjóra ef það vantar skráningu. Hópstjórar bera ábyrgð á því að setja inn upplýsingar um sinn hóp.*
- **Val um hvenær sumarfrí er tekið.**
 - *Það er í skoðun en óvíst hvenær við getum boðið upp á það.*
- **Hafa dagskipulag kjarnans á töflu og á heimasíðu.**
 - *Dagskipulag allra kjarna er á töflu í fataherbergi og hafa nú verið settar á heimasíðu skólans líka undir hverjum kjarna.*
- **Gefa krakkalýsi frekar en þorskalýsi.**
 - *Þetta hefur verið skoðað og rætt við Tristan matrádinn okkar og við munum skipta út lýsinu fyrir Krakkalýsi.*
- **Fá fleiri myndir úr starfinu.**
 - *Við höfum verið að ræða myndatökur mikið á starfsfólksfundunum okkar og reynt að samræma það. Sumir hópstjórar eru mjög duglegir að taka myndir á meðan aðrir gera minna af því. Við viljum hafa þetta nokkuð jafnt. Við viljum náttúrulega helst beina athygli okkar að börnunum sem mest og allt auka tekur athygli frá þeim eins og myndatökur og að merkja myndir í Karellen. Jafnvægið er best í þessu máli og við höfum sett okkur viðmið hversu margar myndir ættu að fara inn á Karellen.*
- **Óþægilegt ef hópstjóri barns er fjarverandi.**
 - *Við reynum að leysa það eins vel og við getum þegar hópstjórar eru fjarverandi t.d. með fyrirfram ákveðinni skiptingu þannig að vitað er hvaða börn eru gestir í hvaða hóp þegar hópstjóri er fjarverandi. Það er aldrei hægt að komast hjá því að hópstjórar verði fjarverandi eins og gefur að skilja.*
- **Hliðið inn á stúlnakjarna mjög stíft.**
 - *Hlið hefur verið lagað.*
- **Skapa betri tengingu á milli heimilis og skóla.**
 - *Við leggjum mikla áherslu á gott samstarfs á milli heimilis og leikskólans. Má þarf nefna eftirfarandi þætti: Foreldraviðtöl einu sinni á önn, samskipti í gegnum Karellen appið, vikupóstar frá hópstjóra, upplýsingablað um hópátíma á töflu í fataherbergi og foreldrakaffi einu sinni á önn. Við tókum upp á*





Hjallastefnan


+354 555 7020

hjallastefnan@hjalli.is

hjalli.is

Því á þessu skólaári að bjóða foreldrum á föstudagssöngfundi og stefnum að því að hver kjarni bjóði foreldrum sínum tvisvar yfir skólaárið. Við viljum gjarnan styrkja tengsl milli heimilis og skóla enn betur. Foreldraframlag er eitthvað hefur alltaf verið viðloðandi Hjallastefnuna en það er tilboð leikskólans um að fá fulltrúa barnsins í raunveruleikatengd verkefni eins og garðtiltekt, skemmtun á söngfundi eða hjálp með viðgerðir. Markmiðið er að tengja fjölskylduna við leikskólann á jákvæðan hátt um verkefni sem skipta máli í raun og veru og auka tilfinningu fyrir eignarhaldi fjölskyldunnar. Eitt sem er frábært og það er að fá foreldra í heimsókn til að kynna starfið sitt eða bjóða hóp síns barns í heimsókn á vinnustað sem væri spennandi fyrir þau að kynnast. Við höfum ekki verið dugleg undanfarið að óska eftir foreldraframlögum en stefnum að því að koma þeirri menningu betur á.

- **Þröngir fataklefar.**
 - Við erum meðvituð um þrönga fataklefa og verður sú aðstaða bætt þegar húsnæðið flytur sem hefur verið á dagskrá í nokkur ár en verður vonandi á þessu eða næsta ári.
- **Mættu vera svansvottuð hreinsiefni.**
 - Við erum bæði með svansvottuð hreinsiefni og líka alhliða hreinsiefni sem eru með umhverfissvottunina Evrópublómið. Við notum sótthreinsiefni sem er ekki svansvottað.





Námskrá 5 ára barna skólaárið 2019-2020

Leikskólinn Askja/Barnaskólinn í Reykjavík
Nauthólsvegi 87
101 Reykjavík

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Jafnréttisnám og félagsfærninám	3
Meginreglur	3
Faglegar áherslur	5
Lestrarkennsla	5
Ritun	5
Stærðfræði	6
Tónlist	6
Aðrar listgreinar	7
Sundkennsla og íþróttir	7
Jóga	7
Enskukennsla	7
Mat	8
Grenndarsamfélagið	8
Vorferð	9
Matur í skólanum	9

Inngangur

5 ára deild er starfrækt í Barnaskólanum í Reykjavík en sú deild tilheyrir leikskólanum Öskju samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2009 og samningi Barnaskólans við skóla og frístundasvið frá 4. júní 2019.

Allt starf fimm ára barna gengur út frá kynjanámskrá Hjallastefnunnar þar sem unnið er að jafnrétti kynjanna og jöfnum tækifærum þeirra til náms og leik. Stúlkur fá til að mynda sérstaka styrkingu í sjálfstæði, frumkvæði og gleði og drengir fá sérstaka styrkingu í almennri félagsfærni, að setja tilfinningar sínar í orð og hjálpsemi.

Símanúmer: 555-7910

Heimasíða: <http://www.hjalli.is/askja> og <http://www.hjalli.is/bskre>

Netfang: askja@hjalli.is og barnaskolirvk@hjalli.is

Opnunartími skólans: 7.45 - 16.30

Skólastjóri á komandi starfsári er Guðrún Silja Steinarsdóttir en hún starfar í nánú samstarfi við skólastjóra Barnaskólans í Reykjavík, Ragnhildi Ásgeirsdóttur. Leikskólinn er rekinn af Hjallastefnunni ehf. samkvæmt þjónustusamningi við Reykjavíkurborg.

Jafnréttisnám og félagsfærninám

Leikskólinn Askja og Barnaskólinn í Reykjavík starfar eftir meginreglum og kynjanámskrá Hjallastefnunnar og þar er 5 ára nám engin undantekning. Allar sögur sem sagðar eru, öll lög sem sungin eru og öll orðræða er með hjallískum jafnréttisbrag. Við leiðbeinum þeim sem koma utan frá með orðræðu og hegðun og þöllum að meginreglur séu ávallt hafðar að leiðarljósi í öllu starfi.

Meginreglur

Meginreglurnar eru grundvöllurinn að öllu starfi Hjallastefnuskóla. Þær eru í reynd bæði stefnuyfirlýsing og hugmyndafræði skólanna og fela í sér þá lífssýn og

mannskilning sem allt starfsfólk sameinast um. Meginreglurnar eru í skýrri forgangsröð þar sem fyrstu reglurnar hafa skýran forgang og hver regla byggir á þeirri sem á undan kemur. Jafnframt er fyrsta reglan innsti kjarni starfsins og koll af kolli umlykur hver regla þá næstu á undan.

Fyrsta meginregla: Börn og foreldrar

Hjallastefnunni er ætlað að mæta hverju barni eins og það er og virða og viðurkenna ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga. Skólanum ber einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga barna og hlúa á víðfeðman hátt að velgengni allra.

Önnur meginregla: Starfsfólk

Hjallastefnunni er ætlað að stuðla að því að jákvæðni, gleði og kærleikur séu ráðandi öfl í samskiptum starfsfólks svo og í öllum samskiptum við börn og foreldra og aðra sem koma að málum skólans.

Þriðja meginregla: Umhverfi

Hjallastefnunni er ætlað að skapa samfélag innan hvers skóla þar sem jafnvægi, einfaldleiki og gagnsæi er ráðandi í dagskrá, umhverfi og búnaði og reglur eru sýnilegar og ápreifanlegar. Þannig gefst börnum skiljanlegt og viðurðanlegt umhverfi miðað við aldur þeirra, þroska og getu.

Fjórtá meginregla: Efniviður

Hjallastefnunni er ætlað að bjóða upp á leikefnivið og einföld námsgögn þar sem sköpun og ímyndun er í fyrirrúmi í fjölbreyttri reynslu hvers barns. Þannig skapar sjálfbjarga fólk eigið nám og leikheim með eigin lausnum og raunveruleikatengd verkefni eru í fyrirrúmi.

Fimmta meginregla: Náttúra

Hjallastefnunni er ætlað að kenna börnum að skynja og njóta náttúrulegs umhverfis og virða náttúruna með nýtni, nægjusemi og hófsemi svo og með umhirðu og endurvinnslu.

Sjötta meginregla: Samfélag

Hjallastefnunni er ætlað að þjálfa aga og hegðun á jákvæðan og hlýlegan en um leið ákveðinn og hreinskiptinn hátt. Með nákvæmni og festu verður taminn vilji leiðin til öryggis og frelslis fyrir alla í rósemd og friði innan skólasamfélagsins og síðar til ábyrgrar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

Faglegar áherslur

Kynjanámskráin er birtingarmynd á hugsjónum Hjallastefnunnar um jafnrétti stúlkna og drengja. Í hinu kynjaskipta skólastarfi er markmiðið að gera báðum kynjum ávallt jafnhátt undir höfði og mæta ólíkum þörfum stúlkna og drengja. Jafnframt er markmiðið að gefa þeim kost á að starfa og leika á eigin forsendum þar sem menning beggja kynja er virt og viðurkennd.

Þessu til viðbótar er gengið út frá þeirri kennisetningu Hjallastefnunnar að kynin öðlist takmarkaða færni og æfi of fáa eiginleika vegna heftandi kynhlutverka og kynjamótunar sem samfélagið ákvarðar á grundvelli kynferðis. Hjallastefnan mætir þessu með að þjálfra bæði kyn í öllum mennskum eiginleikum og eru loturnar okkar kennslutækið til þess. Hver lota stendur í fjórar vikur í senn og eru fyrstu þrjár loturnar á haustönn (sjá skóladagatal) og seinni þrjár á vorönn. Allir þættir kynjanámaskrár eru þó ávallt í forgrunni í öllu skólastarfinu.

1. Agi; virðing, hegðun, kurteisi, framkoma
2. Sjálfstyrking; sjálfstæði, sjálfstraust, öryggi, tjáning
3. Samskipti; umburðarlyndi, hjálpsemi, víðsýni, samstaða
4. Jákvæðni; bjartsýni, gleði, ákveðni, hreinskiptni
5. Vinátta; félagsskapur, umhyggja, nálægð, kærleikur
6. Áræðni; kjarkur, kraftur, virkni, frumkvæði

Lestrarkennsla

Bókstafirnir eru kynntir, hvað þeir heita og hvaða hljóð þeir tákna. Unnið er eftir hljóðaaðferð, sögð er saga sem tengist viðkomandi bókstaf og hópurnir finnir orð sem innihalda hljóðið.

Börnin læra um stóran og lítinn bókstaf og helstu greinarmerki. Bókabíllinn kemur vikulega í skólann en börnin fara einnig öðru hvoru á bókasafn til að skoða og fá lánaðar bækur til að skoða og lesa í leikskólanum. Málörvun er mikil, framsaga, rím, taktur, sögur og ævintýri eru

mikilvægur þáttur í okkar starfi. Öll 5 ára börn fara í Hljóm-prófið sem mælir hljóðkerfisvitund barna og getur sagt fyrir um örðugleika í lestrarnámi.

Markmið: Að börnin þekki bókstafina og viti fyrir hvaða hljóð þeir standa.

Að styrkja hljóðkerfisvitund svo að börnin séu sem best búin undir lestrarnám.

Ritun

Börnin læra hvernig stafurinn er skrifaður rétt, stór og lítill stafur, byrja alltaf uppi. Æfa skrift í sérstakri skólabók sem öll 5 ára börn fá að hausti til að nota í hópatíma. Hugtakið orð er kennt og rétt lesátt. Hjálpargögn eru leir, bönd, spýtur, steinar ofl. sem hægt er að nota til að forma bókstafi.

Markmið: Að börn kunni að draga til stafs, kunni að skrifa orð og nafnið sitt. Þekki lesátt.

Stærðfræði

Læra að þekkja og skrifa tölustafinn. Læra að þekkja og nota Numicon-kubba. Með hjálp Numicon-kubba æfa börnin talningu, sléttar og oddatölur og munnlega samlagningu með einföldum tölum. Þau búa til einfaldar stærðfræðigátur og æfa hugareikning. Önnur hjálpargögn eru t.d. spil og leir, steinar, kubbar og allur efniviður sem við eigum bæði úti og inni. Spilum ludó, mannspil, minnispil. Origami.

Markmið: Að börnin þekki Numicon-kubbana og kunni að nota þá sem hjálpargögn í stærðfræði. Að börnin þekki og geti skrifað tölustafina. Að börnin geti lagt saman einfaldar tölur. Að börnin kunni á mannspil og geti spilað einföld spil.

Tónlist

Tónlist er fyrst og fremst lögð inn í samverum með öllum börnum kjarnans. Æfð eru ný lög á hverri árstíð, haustlög, vetrarlög, jólalög, þorralög, vorlög og sumarlög. Einnig æfum við lög um fugla, skólalög, stökur, gamlar vísur og einföld barnalög. Við spilum allskonar tónlist fyrir

börnin, klassíska tónlist, djass og popptónlist. Tónlist er alltaf leikin til hlustunar, hún er ekki höfð sem undirleikur í starfi. Við höldum söngfundi á hverjum föstudegi þar sem börnin syngja saman í stórum hópi barna. Sinfóníuhljómsveit Íslands býður 5 ára nemendum í tónleika á hverju ári. Einnig fá 5 ára börnin tónlistarkennslu með Hildi og Heiðu en þær eru báðar menntaðar frá F.Í.H. og hafa útbúið tónlistarsmiðju sem endar á tónleikum fyrir foreldra. Frábær leið til að vera með markvissa tónlistarkennslu sem skilar mjög miklu til barnanna. Börnin fá einnig að fara í svokallaðar tónlistarsmiðju þar sem þau fá tækifæri til að prófa alls konar hljóðfæri og semja sína eigin tónlist.

Aðrar listgreinar

Boðið er upp á fjölbreyttar listgreinar í smiðjum en þá fá börnin að kynnast ýmis konar handverki, svo sem fánagerð, töfrasprotagerð, búa til dúska eða dúkkugerð.

Þau fá einnig myndmenntakennslu þar sem þau æfa sig að mála með vatnslitum og akrýl málningu á striga eða léreft. Blýantsteikningar og kynning á listafólki.

Sundkennsla og íþróttir

Fimm ára börnin fá tveggja vikna sundnámskeið á vorin en þá er keyrt með börnin upp í Sundhöll Reykjavíkur þar sem sundkennari Barnaskólans fer yfir grunnæfingar í sundi.

Í hverri viku fá börnin íþróttatíma. Þau ganga með kennurum sínum í Valsheimilið þar sem þau fá 30 mínútna íþróttatíma.

Jóga

Einu sinni í viku fá 5 ára börnin jóгатíma en þar er æfð öndun og slökun.

Enskukennsla

Kennd er enska einu sinni í viku, hálf tíma í senn. Markmið kennslunnar er eftirfarandi:

The English program creates an environment that is engaging and nurtures their natural curiosity towards something new. We spark their interest through, movement, songs, activities and play. We explore both indoors and outdoors in concepts that they naturally encounter on a daily basis: animals, their body, clothes, family, friends, food, and weather to name a few. We focus on English phrases and statements in which to build their confidence and

rhythm for the language. such as....Good morning – Good afternoon – Nice to see you –See you later – Please...Thank you - What´s the Weather? - It is...sunny, rainy, windy, snowy - How are you? - I am...happy, sad, sleepy, mad, cold, hot, good, great – and many more. The preschool English program is the foundation from which the children continue to grow and expand from. The fun and engaging environment that we provide guides the children to venture into the exciting world of English that surrounds them everywhere.

Mat

Á hverju ári er lögð fram skoðanakönnun Hjallastefnunnar, þar sem foreldrar meta skólastarfið. Þar komu fram hlýjar kveðjur, góðar ábendingar og spurningar sem koma sér vel við mat og skoðun á skólastarfinu. Skólinn fékk mjög góða einkunn. Að sjálfsögðu er okkar markmið að gera enn betur á komandi árum í samvinnu við foreldra.

Starfsmannakönnun er gerð á hverri vorönn og unnið úr henni í samstarfið við skólastjóra og framkvæmdarstjóra og fagstjórn Hjallastefnunnar.

Ytra mat á skólastarfinu er í höndum sveitarfélags og Menningar- og menntamálaráðuneytis.

Fjölskyldur nemenda geta einni komið ábendingum á framfæri við skólastjórnendur, annaðhvort undir nafni eða nafnlaust í gegnum heimasíðu Hjallastefnunnar.

Heilbrigðisyrifirvöld kanna aðstæður í skólanum reglulega og útisvæðið er skoðað af faggildum aðila árlega.

Grenndarsamfélagið

Leikskólinn Askja og Barnaskólinn leggja sig fram um góð samskipti við grenndarsamfélagið. Leikskólinn er í góðu samstarfi við Barnaskólann sem er á sömu lóð og leikskólinn. Elstu nemendur leikskólans fara í skipulagðar heimsóknir í skólann og vinna þar verkefni með nemendum Barnaskólans. Einnig koma elstu nemedur Barnaskólans og vinna verkefni með yngstu nemendum leikskólans. Stefnan er að koma á vinalópum á milli Barnaskólans og Öskju þar sem sérstök vinátta verður á milli tveggja hópa sem heimasækja hvor annan reglulega.

Bókabíllinn kemur einu sinni í viku á skólalóðina og við nýtum okkur þá þjónustu reglulega.

Leikskólinn mun eftir sem áður leggja sig fram um að nýta umhverfið í auknum mæli sem kennslusvæði. Öskjuhlíðin er rétt við húsið og býður upp á endalausa möguleika til náms, fræðslu og leikja. Eins er stutt að fara í fjöruna í Nauthólsvík og er markmiðið að nýta þessi svæði enn betur og markvissar. Næsta skólaár höldum við áfram að vera með markvissa útikennslu sem við ætlum að halda áfram að þróa næsta vetur með öllum börnum skólans. Starfsmannahópurinn er mjög áhugasamur og það hafa sprottið fram margar skemmtilegar hugmyndir sem við ætlum að nýta okkur, s.s. að fara í grendarkennslu, skoða listasöfn, merkar stofnanir og margt fleira. Við höfum verið dugleg að heimsækja staði í nágrenninu eins og Norræna húsið, Þjóðminjasafnið, fengið að skoða okkur um á flugvellinum of margt fleira. Einnig stefnir leikskólinn á að halda áfram að móta sér umhverfisstefnu, nýtni og nægjusemi hefur lengi verið ríkur þáttur í starfi Hjallastefnuskóla. Lagt verður kapp á að skerpa á umhverfissvænum starfsháttum.

Vorferð

Fimm ára börn fara í tveggja náttu skólaferðalag að vori með kennurum og öðru starfsfólki. Ferðalagið er samvinnuverkefni skóla og foreldra. Allar aðrar ferðir á vegum skólans eru styttri vettvangsferðir þar sem börn ferðast um í strætó, sérleyfisbílum eða gangandi í fylgd með kennurum sínum og ávallt með samþykki foreldra.

Matur í skólanum

Hjallastefnuskólar starfa eftir ákveðnum matarstöðlum, það er stefna skólans að vera með sem minnst af hvítum sykri, hveiti og unnum kjötvörum. Allur matur er unnin frá grunni og mikil áhersla lögð á að bjóða upp á hollan og góðan mat. Einnig tökum við fullt tillit til hinna ýmsu matarþarfa hjá fjölskyldum, hvort sem það er ofnæmi, óþol og eða ákvörðun foreldra hvort börn þeirra neyti kjöt eða fisk. Kokkurinn er þess vegna alltaf með mjög fjölbreyttan mat til að mæta þörfum allra.

Reykjavík 25. júní 2019

Guðrún Silja Steinarsdóttir

Ragnhildur Ásgeirsdóttir

Leikskólastýra Öskju Skólastýra

Barnaskólans í Reykjavík

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladaatal 2019 - 2020

Nafn skóla: Leikskólinn Askja

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MÁÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 F	Sumarfrí	1 S		1 Þ		1 F		1 S	Fullveldisdagurinn	1 M	Nýársdagur	1 L		1 S		1 M		1 F	Verkalyósdagurinn	1 M	Annar í hvítasunu	1 M	
2 F	Sumarfrí	2 M	Lotulykill: Hegðun	2 M		2 L		2 M	Opin vika	2 F	Skipulagsdagur/lokað	2 S		2 M	Lotulykill: Nálagð	2 F		2 L		2 Þ		2 F	
3 L		3 Þ		3 F		3 S	SAMSKIPTALOTA	3 Þ		3 F		3 M	Lotulykill: Gleði	3 Þ		3 F		3 S		3 M		3 F	
4 S		4 M		4 F	Skipulagsd./Hjallaráðstefna	4 M	Lotulykill: Umburðarlyndi	4 M		4 L		4 Þ		4 M		4 L		4 M		4 F		4 L	
5 M	Fridagur verslunarmanna	5 F		5 L		5 Þ		5 F		5 S		5 M		5 F		5 S	Pálmásunnudagur	5 Þ		5 F		5 S	
6 Þ	Sumarfrí	6 F		6 S		6 M		6 F		6 M	Þrettándinn	6 F	Dagur leikskólans	6 F		6 M	Skipulagsdagur/lokað	6 M		6 L		6 M	
7 M	Sumarfrí	7 L		7 M	Lotulykill: Sjálftraust	7 F		7 L		7 Þ		7 F	Dagur stærðfræðinnar	7 L	Foreldasamtöl	7 Þ	Skipulagsdagur/lokað	7 F		7 S	Sjómanna dagurinn	7 Þ	
8 F	Sumarfrí	8 S	Dagur læsis	8 Þ		8 F	Baráttudagur gegn einelti	8 S		8 M		8 L		8 S		8 M	Skipulagsdagur/lokað	8 F		8 M		8 M	
9 F	Sumarfrí	9 M	Lotulykill: Kurteisi	9 M		9 L		9 M	Opin vika	9 F		9 S		9 M	Lotulykill: Kærleikur	9 F	Skírdagur	9 L		9 Þ		9 F	
10 L		10 Þ		10 F		10 S		10 Þ		10 F	Sparifátadagur	10 M		10 Þ		10 F	Föstudagurinn langi	10 S		10 M		10 F	
11 S		11 M		11 F		11 M	Lotulykill: Hjálpsémi	11 M		11 L		11 Þ		11 M		11 L		11 M		11 F		11 L	
12 M	Sumarfrí	12 F		12 L		12 Þ		12 F		12 S	JÁKVÆÐNILOTA	12 M		12 F		12 S	Páskadagur	12 Þ		12 F		12 S	
13 Þ	Askja opnar eftir sumarfrí	13 F		13 S		13 M		13 F		13 M	Lotulykill: Ákveðni	13 F		13 F		13 M	Annar í páskum	13 M		13 L		13 M	
14 M		14 L		14 M	Lotulykill: Öryggi	14 F		14 L		14 Þ		14 F		14 L		14 Þ	Lotulykill: Virkni	14 F		14 S		14 Þ	
15 F		15 S		15 Þ		15 F		15 S		15 M		15 L		15 S		15 M		15 F		15 M		15 M	Sumarfrí
16 F		16 M	Lotulykill: Framkoma	16 M		16 L	Dagur íslenskrar tungu	16 M	Opin vika	16 F		16 S	VINÁTTULOTA	16 M		16 F		16 L		16 Þ		16 F	Sumarfrí
17 L		17 Þ		17 F		17 S		17 Þ		17 F		17 M	Lotulykill: Félagsskapur	17 Þ		17 F		17 S		17 M	Lýðveldisdagurinn	17 F	Sumarfrí
18 S		18 M		18 F		18 M	Lotulykill: Viðsýni	18 M		18 L		18 Þ		18 M		18 L		18 M		18 F		18 L	
19 M	Opin vika	19 F	Foreldrafundur	19 L		19 Þ		19 F	Jónasöngfundur og jólamat	19 S		19 M		19 F		19 S		19 Þ		19 F		19 S	
20 Þ		20 F		20 S		20 M	Dagur mannréttinda barna	20 F		20 M	Lotulykill: Hreinskiptni	20 F		20 F		20 M	Lotulykill: Framkvæði	20 M		20 L		20 M	Sumarfrí
21 M		21 L	Askja 10 ára	21 M	Lotulykill: Tjáning	21 F		21 L		21 Þ		21 F	Foreldrakaffi stúlkna	21 L		21 Þ		21 F	Uppstigningardagur	21 S		21 Þ	Sumarfrí
22 F		22 S		22 Þ		22 F		22 S		22 M		22 L		22 S	ÁRÆÐNILOTA	22 M		22 F		22 M		22 M	Sumarfrí
23 F		23 M	Opin vika	23 M		23 L		23 M	Þorláksmessa	23 F		23 S	Konudagur	23 M	Lotulykill: Kjarkur	23 F	Sumardagurinn fyrsti	23 L		23 Þ		23 F	Sumarfrí
24 L		24 Þ		24 F		24 S		24 Þ	Aðfangadagur jóla	24 F	Böndadagur, Foreldrakaffi drengja	24 M	Lotulykill: Umhyggja Bolludagur	24 Þ		24 F		24 S		24 M		24 F	Sumarfrí
25 S	AGALOTA	25 M		25 F		25 M	Lotulykill: Samstaða	25 M	Jóladagur	25 L		25 Þ	Sprengidagur	25 M		25 L		25 M		25 F		25 L	
26 M	Lotulykill: Virðing	26 F	Evrópski tungumáladagurinn	26 L	Foreldrasamtöl	26 Þ		26 F	Annar í jólum	26 S		26 M	Óskudagur	26 F		26 S		26 Þ		26 F		26 S	
27 Þ		27 F		27 S		27 M		27 F	Skipulagsdagur/Lokað	27 M	Lotulykill: Bjartsýni	27 F		27 F		27 M		27 M		27 L		27 M	Sumarfrí
28 M		28 L		28 M	Opin vika	28 F		28 L		28 Þ		28 F		28 L		28 Þ		28 F		28 S		28 Þ	Sumarfrí
29 F		29 S	SJÁLSTÆÐISLOTA	29 Þ		29 F		29 S		29 M		29 L		29 S		29 M		29 F		29 M		29 M	Sumarfrí
30 F		30 M	Lotulykill: Sjálfstyrking	30 M		30 L		30 M	Skipulagsdagur/Lokað	30 F				30 M	Lotulykill: Kraftur	30 F		30 L		30 Þ		30 F	Sumarfrí
31 L				31 F				31 Þ	Gamlársdagur	31 F								31 S	Hvítasunnudagur			31 F	Sumarfrí